

Fréttabréf

stéttarfélaganna í Þingeyjarsýslum



Forsíðumyndin



Forsíðumyndin er af Leppalúða sem kom til byggða á Húsavík þegar kveikt var á jólatré bæjarins 26. nóvember. Þorgerður Þórðardóttir tók vel á móti Leppalúða og bauð hann og aðra gesti úr fjöllum velkomna til Húsavíkur. Með í för voru Grýla og nokkrir jólasveinar sem lofuðu að gefa börnunum góðar gjafir fyrir jólin ef þau yrðu þæg og góð á aðventunni. Myndina tók hálfgerður jólasveinn, Aðalsteinn Á. Baldursson.

Verið velkomin í jólaboð stéttarfélaganna

Stéttarfélögin verða með opið hús í sal stéttarfélaganna frá kl. 14:00 til 19:00 laugardaginn 17. desember n.k. Þar verður gestum og gangandi boðið upp á kaffi, meðlæti og tónlist af bestu gerð. Ekki er ólíklegt að þeir rauðklæddu láti sjá sig. Húsvíkingar og aðrir Þingeyingar, upplifið jólastemninguna og mætið í jólaboð stéttarfélaganna.

Félögin vilja sérstaklega bjóða Norður-Þingeyinga velkomna og hvetja þá sem leið eiga til Húsavíkur laugardaginn 17. desember að líta við og njóta veitinga í boði stéttarfélaganna.

Stéttarfélögin hafa undanfarin ár verið með opið hús í desember og hafa fjölmargir gestir komið við og þegið veitingar í boði stéttarfélaganna.



Ert þú búin(n) að gera upp félagsgjaldið fyrir árið 2005 - Ert þú að tapa réttindum? -

Rétt er að benda þeim félagsmönnum á sem eru á vinnumarkaði og ekki hafa náð að greiða lágmarksgjald til stéttarfélaganna fyrir árið 2005 að gera það fyrir 15. febrúar 2006 ætli þeir að viðhalda réttindum í félögunum. Lágmarks-

gjaldið er kr. 6.000,-. Félagsmenn þurfa sjálfir að passa upp á að þeir hafi náð að greiða lágmarksgjaldið þar sem ekki eru sendir út gíróseðlar fyrir því sem upp á vantar að félagsgjaldið hafi verið gert upp.

Jólagetraun

- Vegleg verðlaun í boði -

Stéttarfélögin hafa ákveðið að standa fyrir getraun sem fellst í því að botna fyrirpart sem Jónas Friðrik á Rauðarhöfn hefur samið fyrir Fréttabréfið sem er svohljóðandi:

*Kæstast allir krakkar nú,
kominn jólasveinn á ról.*

Sérstök dómnefnd mun fara yfir botnana sem berast og veita þeim einstaklingi sem kemur með besta botnin vegleg verðlaun sem er gæða hangikjöt frá Fjallalambi og saga Verkalýðsfélags Húsavíkur. Þeir sem lenda í öðru



Skáldið Jónas Friðrik hefur sett saman fyrirpart sem lesendum Fréttabréfs stéttarfélaganna gefst tækifæri á að botna. Vegleg verðlaun eru í boði fyrir besta botninn s.s. hangikjöt frá Fjallalambi, konfekt og saga Verkalýðsfélags Húsavíkur. Nú er um að gera að vera með og skila inn botni.

og þriðja sæti fá einnig verðlaun, það er konfekt og saga Verkalýðsfélags Húsavíkur. Þetta eru glæsileg verðlaun og því til mikils að vinna. Þátttakendur þurfa að koma botnunum ásamt nafni til Skrifstofu stéttarfélaganna fyrir 28. desember 2005. Einnig er hægt að senda botninn ásamt nafni með faxi sem er 464-6601 eða á emailið kuti@vh.is. Hægt verður að nálgast úrlitin á heimasíðu stéttarfélaganna vh.is þann 30. desember.

Tölvunámskeiði slitið



Það var friður bópur fólks sem útskrifaðist eftir að hafa setið á tölvunámskeiði fyrir byrjendur sem stéttarfélögin og Fræþing stóðu fyrir. Hér eru nemendur ásamt kennara sínum, Óskari Birgissyni, Snæbirni Sigurðarsyni starfsmanni stéttarfélaganna og Guðrínu K. Jóhannesdóttur forstöðumanni Fræþings.

Stéttarfélögin í Þingeyjarsýslum stóðu nýlega fyrir tölvunámskeiði fyrir byrjendur. Námskeiðið var vel sótt og útskrifuðust 20 nemendur. Námskeiðið var samstarfsverkefni stéttarfélaganna, Fræþings og verkefnisins Virkjum alla. Nemendur

voru mjög ánægðir með námskeiðið og því hefur verið ákveðið að bjóða upp á fleiri tölvunámskeið eftir áramót bæði fyrir byrjendur og eins fyrir lengra komna. Kennari á námskeiðinu var Óskar Birgisson og stóð hann sig að venju vel.

Sjómenn



Aðalfundur Sjómannadeildar Verkalýðsfélags Húsavíkur verður haldinn þriðjudaginn 27. desember kl. 17:00 í fundarsal félagsins.

Dagskrá:

1. Venjuleg aðalfundarstörf
2. Önnur mál

Félagar! Mjög áriðandi er að sem flestir sjái sér fært að mæta á fundinn. Í lok fundar verður boðið upp á hefðbundnar veitingar.

Sjómenn stöndum vörð um okkar hagsmunamáli!



Verkalýðsfélag
Húsavíkur

Fjölmennt á Þórshöfn



Vel var mætt á fund Verkalýðsfélags Þórshafnar um vinnurétt og voru sumir fundarmanna komnir í jólaskap.

Verkalýðsfélag Þórshafnar stóð fyrir fundi um vinnurétt fyrir félagsmenn í nóvember. Tveir starfsmenn Stéttarfélaganna, Aðalsteinn Árni Baldursson og Snæbjörn Sigurðarson voru frummælendur á fundinum. Farið var yfir samninga verkafólks og verslunarmanna og út frá því spruttu líflegar umræður um kaup, kjör og réttindi á vinnustaði.

Húsfyllir var á fundinum og var það mál manna að vel hefði tekist til og að svör hefðu fengist við ýmsum spurningum sem brunnið hefðu á fólki. Auk fundarins heimsóttu starfsmennirnir vinnustaði á Þórshöfn og funduðu með stjórn trúnaðarmannaráði Verkalýðsfélags Þórshafnar.

Fyrir neðan bakka og ofan



Saga verkalýðshreyfingar, atvinnulífs og stjórnmála er til sölu á Skrifstofu stéttarfélaganna á sérstöku tilboðsverði aðeins kr. 3.000,-. Um er að ræða þrjú vönduð bindi í veglegri öskju. Fjölmargar myndir prýða bindin og hefur ritverkið fengið góða dóma hjá gagnrýnendum. Ritverk sem þetta á heima á hverju heimili í Þingeyjarsýslum. Um er að ræða veglega jóla-, afmælis eða tækifærisgjöf.

Atvinnurekendur ath. - nýtt fræðslugjald

Frá 1. janúar 2006 greiða atvinnurekendur 0,05% í starfsmenntasjóð og 0,10% til viðbótar frá 1. janúar 2007, þ.e. samtals 0,15% frá þeim tíma. Greiðslurnar renna til Landmenntar, fræðslusjóðs Samtaka atvinnulífsins og verkafólks á landsbyggðinni. Á félagssvæði Verkalýðsfélags Húsavíkur og Verkalýðsfélags Öxarfjarðar hefur verið samið um að Skrifstofa stéttarfélaganna á Húsavík

sjái um þessa innheimtu fyrir sjóðinn. Frá áramótum þurfa því fyrirtæki að skila þessu gjaldi með félagsgjaldi og greiðslum í sjúkra- og orlofssjóð. Rétt er að taka fram að þetta ákvæði á við um þá starfsmenn sem starfa eftir kjarasamningi Samtaka atvinnulífsins og Starfsgreinasambands Íslands sem Verkalýðsfélag Húsavíkur og Verkalýðsfélag Öxarfjarðar eru aðilar að.

Gera Svíar innrás?

Sænsk verkalýðssamtök í matvælaðnaði eru með til skoðunar að senda um 50 trúnaðarmenn til Íslands á næsta ári á trúnaðarmannanámskeið sem haldið verður á þeirra vegum. Trúnaðarmennirnir eru frá vinnustöðum í Svíþjóð. Formaður sambandsins í Svíþjóð hafði samband við formann Verkalýðsfélags Húsavíkur í lok nóvember s.l. og sagðist hafa áhuga á að halda námskeiðið á Húsavík. Þeir eru saman í stjórn Norræna Matvælasambandsins sem fundaði á Húsavík sumarið 2004. Svíarnir hrifust mjög af

Húsavík og aðstöðunni á staðnum og vilja því kanna hvort möguleiki sé á því að halda námskeiðið á Húsavík. Rétt er að taka fram að þetta mál er aðeins á umræðustigi. Hins vegar er ljóst að sænskir verkalýðsforingjar eru ekki síður hrifnir af Húsavík en víkingurinn Garðar Svavarsson landnámsmaður sem kom siglandi frá Svíþjóð fyrstur landnámsmanna, ásamt Náttfara sem væntanlega er fyrsti verkamaðurinn sem kom til Íslands sem síðar leiddi væntanlega til þess að Verkamannafélag Húsavíkur var stofnað.

Námskeið fyrir fiskvinnslufólk



Í byrjun janúar

Námskeiðahald á vegum Verkalýðsfélags Húsavíkur hefst strax 2. janúar en þá hefst 40 stunda námskeið fyrir fiskvinnslufólk sem lýkur 6. janúar. Rúmlega 20 starfsmenn eru skráðir

á námskeiðið. Flestir sem skráð hafa sig á námskeiðið eru Pólverjar sem hér stunda vinnu hjá fiskvinnslufyrirtækjum. Námskeiðin eru haldin í samvinnu við Starfsfræðslunefnd fiskvinnslunnar og fiskvinnslufyrirtæki á félagssvæði Verkalýðsfélags Húsavíkur. Það sem er sérstakt við þetta námskeið er að þetta er í fyrsta skiptið sem



Guðrún Gunnarsdóttir er starfsmaður Norðlenska og sér um mötuneytið auk þess að þrifa bluta af búsnæði fyrirtækisins. Guðrún er listakokkur og ekki skemmir fyrir að hún er ættuð af Tjörnesinu.

Þingmenn í heimsókn



Formaður og þingmenn Samfylkingarinnar í kjördæminu komu í heimsókn á Skrifstofu stéttarfélaganna og funduðu með starfsmönnum stéttarfélaganna. Þeir töldu Húsavíkursvæðið vænlegasta kostinn varðandi uppbyggingu orkufreks iðnaðar á Norðausturlandi.

Starfsmenn Skrifstofu stéttarfélaganna fengu góða gesti í heimsókn þegar alþingismennirnir, Kristján L. Möller, Einar Már Sigurðarson og formaður Samfylkingarinnar, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir komu í heimsókn. Starfsmennirnir ræddu m.a. efnahagsmálin við gestina, stöðu kjarasamninga, starfsmannaleigur og atvinnumál á félagssvæðinu. Þá

urðu umræður um uppbyggingu orkufreks iðnaðar á Húsavík. Í máli Einars og Kristjáns kom fram að þeir telja Húsavíkursvæðið vænlegasta kostinn varðandi uppbyggingu stóriðju á Norðausturlandi m.a. vegna mikillar samstöðu heimamanna og nálægðar við öflug orkusvæði. Ástæða er til að fagna þessum yfirlýsingum þingmannanna.

Skrifstofa stéttarfélaganna
Vetraropnunartími er frá 08:00 til 17:00
Heimasíða www.vh.is
Sími 464-6600
Fax 464-6600

Framhaldsskólanemar kynna sér vinnumarkaðinn

Nemendur í félagsfræði við Framhaldsskólann á Húsavík kíktu í heimsókn til Stéttarfélaganna í fylgd Arnfríðar Aðalsteinsdóttur kennara. Þar tók á móti þeim formaður VH, Aðalsteinn Á. Baldursson og kynnti hann fyrir þeim ýmislegt sem viðkemur vinnumarkaðsmálum á Íslandi. Fór hann

yfir starfsemi stéttarféлага, atvinnuhætti á Húsavík, réttindi og skyldur starfsmanna og vinnuveitenda og margt annað sem snertir vinnumarkaðsmál. Unglingarnir voru vel með á nótunum og sýndu málefnið mikinn áhuga.



Nemendur Framhaldsskólans á Húsavík komu í heimsókn til stéttarfélaganna og fengu fræðslu um vinnumarkaðsmál. Nemendur voru áhugasamir um fræðsluna enda mikilvægt að þeir séu vel meðvitaðir um þessi mikilvægu málefni þegar þeir hefja störf á vinnumarkaði.



Marzena K. Cybulska situr hér á Skrifstofu stéttarfélaganna og undirbýr fund með erlendu verkafólki. Marzena hefur aðstoðað starfsmenn stéttarfélaganna við tilkun er varðar verkafólk frá Póllandi og öðrum austanþjóðum löndum. Þess má geta að veruleg fjölgun hefur orðið á erlendu verkafólki sem komið hefur bingað til starfa á síðustu árum.



Hér eru saman komnir fjórir fjallmyndarlegir menn sem jafnframt eru söngmenn góðir. Þeir eru Þórarinn Illugason, Jóhann Böðvarsson, Hjálmar Bogi Haflíðason og Jón Gauti Böðvarsson. Þeir voru saman komnir á Húsavík þegar kveikt var á jólatré bæjarins fyrir skemmstu.

Grunnskólar heimsóttir

Starfsmenn stéttarfélaganna á Húsavík hafa síðustu vikurnar komið við í grunnskólum á svæðinu og frætt nemendur í elstu bekkjardeildum um vinnumarkaðinn og starfsemi stéttarféлага. Þeir hafa þegar komið við í Grunnskóla Raufarhafnar og í Stórutjarnarskóla. Nemendur skólanna hafa verið ánægðir með heimsóknirnar og kunnað vel að meta þann fróðleik sem þau hafa fengið. Ljóst

er að það er mjög mikilvægt fyrir ungt fólk sem er að stíga sín fyrstu skref á vinnumarkaði að fræðast um helstu réttindi og skyldur á vinnumarkaði sem er gott veganesti út í lífið. Þess má geta að fljótlega eftir áramót munu fulltrúar stéttarfélaganna heimsækja Grunnskóla Skútustaðahrepps og Litlulaugaskóla sem boðið hafa stéttarfélögum í heimsókn.



Hér má sjá nemendur Grunnskóla Raufarhafnar sem voru ábugasamir og spurðu töluvert út í starfsemi stéttarféлага og belstu réttindi og skyldur á vinnumarkaði.



Nemendur Stórutjarnarskóla voru ekki síður ábugasamir og spurðu líkt og nemendur Grunnskóla Raufarhafnar út í ýmsa bluti sem þeir vildu fræðast um. Í lokin fengu allir boli frá Verkalýðsfélagi Húsavíkur.

Stjórn VÖ vill skoða sameiningu við VH

Stjórn Verkalýðsfélags Öxarfjarðar hefur ákveðið að boða til félagsfundar í janúar um sameiningarmál. Í því sambandi horfa stjórnarmenn til þess að félagið óski

eftir viðræðum við Verkalýðsfélag Húsavíkur um sameiningu félaganna. Félagsfundurinn verður auglýstur fljótlega eftir áramót.

Desemberuppbót

-Sumarstarfsmenn eiga einnig rétt-

Starfsmenn sem vinna eftir kjarasamningi Starfsgreinasambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins og verið hafa í fullu starfi hjá sama fyrirtæki og eru við störf í lok nóvember eða fyrstu viku desember skulu eigi síðar en 15. desember fá greidda desemberuppbót kr. 39.700,-. Starfsfólk í hlutastarfi sem uppfyllir sömu skilyrði skal fá greitt hlutfallslega.

Starfsmaður, sem lætur af störfum á árinu vegna aldurs, veikinda eða eftir 12 vikna starf á árinu hjá sama vinnuveitanda, skal við starfslok fá greidda desemberuppbót miðað við starfstíma

og starfshlutfall á árinu. Starfsmenn sem fara í fæðingarorlof og hafa unnið í a.m.k. eitt ár fá fæðingarorlof, það er 6 mánuði metið sem starfstíma við útreikning desemberuppbótar. Sömu reglur gilda fyrir skrifstofu- og verslunarfólk nema hvað það á rétt á 45.000.- kr. desemberuppbót m.v. fullt starf og hlutfallslega m.v. starfstíma og starfshlutfall.

Það skal tekið fram að nokkrir hópar hafa hærri desemberuppbót s.s. starfsmenn sveitarfélaga og ríkisstarfsmenn. Frekari upplýsingar er hægt að fá á Skrifstofu stéttarfélaganna.

Matvælasvið SGS fundar um vinnuvernd



Matvælasvið Starfsgreinasambands Íslands hélt fund í nóvember um vinnuverndarmál. Kynnt voru ný ákvæði um skyldu fyrirtækja til að gera mat á áhættu í störfum með tilliti til heilsu og öryggis starfsmanna og áætlun um forvarnir. Einnig var fjallað um áhættuþætti í vinnuumhverfinu, gagnýtar aðferðir við slíkt mat og aðkomu starfsmanna. Þá var ný reglugerð um vinnu í kældum

rýmum við matvælaframleiðslu kynnt. Frummælendur komu frá Vinnueftirliti ríkisins. Fundurinn var mjög áhugaverður og urðu fjórar umræður á fundinum. Fulltrúar Verkalýðsfélags Húsavíkur og Verkalýðsfélags Öxarfjarðar á fundinum voru Snæbjörn Sigurðarson, Kjartan Traustason, Gunnþórunn Þórgrímsdóttir og Geir Bjarnason.

Verslunarmenn fagna afmæli félagsins



Stjórn Verslunarmannafélags Húsavíkur stóð fyrir afmælisfagnaði í tilefni af 40 ára afmæli félagsins. Stjórn félagsins stillti sér upp til myndatöku, á myndina vantar Mörtbu Dís Brandt og Magneu Arnardóttur sem ekki áttu beimgengt.



Gísli Sigurðsson verslunarstjóri hjá Samkaupum úrval færði Verslunarmannafélaginu gjöf frá fyrirtækinu um leið og bann þakkaði félaginu og starfsmönnum þess fyrir gott



Sigrún Ingvardsdóttir í Esar þakkaði formanni félagsins fyrir samskiptin og sagði að þrátt fyrir að þau hefðu ekki alltaf verið sammála hefði þeim yfirleitt tekist að leysa sín mál farsælllega. Hún færði bonum brag fyrir bönd starfsmanna hjá Esar og Tákn sem þakklætisvott. Hún bauð nýjan starfsmann stéttarfélaganna velkominn til starfa og færði bonum af því tilefni fallegan blómvönd.

samt 65 ára um árum.



Stjórnir og starfsmenn stéttarfélaganna í Þingeyjarsýslum
óska félagsmönnum sínum og fjölskyldum þeirra, öðrum Þingeyingum
og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.

Verkalýðsfélag Húsavíkur
Þingöð

Starfsmannafélag Húsavíkur
Verkalýðsfélag Öxarfjarðar

Verslunarmannafélag Húsavíkur
Verkalýðsfélag Þórshafnar



Verslunarmannafélag Húsavíkur hélt upp á 40 ára afmæli félagsins laugardaginn 12. nóvember en félagið var stofnað 6. september 1965, að áeggjan Sverris Hermannssonar formanns Landsambands íslenskra verslunarmanna. Afmælishófið fór fram á Gamla Bauk á Húsavík og fjölmenntu félagsmenn. Þar var gestum boðið upp á veitingar og ljúfa tónlist sem Aðalsteinn Júlíusson og félagar sáu um. Í tilefni af þessum tímamótum ákvað stjórnin að færa félagsmönnum gjöf sem er taska, sem félagsmenn geta vitjað á Skrifstofu stéttarfélaganna á Húsavík. Þeir sem búa utan Húsavíkur geta fengið gjöfina senda til sín í pósti. Þá ákvað stjórn félagsins að styrkja stofnun meistaraflokks kvenna í knattspyrnu hjá Völsungi á Húsavík um kr. 100 þúsund. Við afhendingu gjafarinnar sagðist formaður félagsins vonast til stofnun meistaraflokks kvenna hefði jákvæð áhrif á íþróttaiðkun stúlkna á Húsavík og væri framhald af þeirri undirbúningsvinnu sem unnin hefði verið hjá yngri flokkum kvenna á síðustu árum. Með



Margir góðir gestir mættu á afmælisfagnaði Verslunarmannafélags Húsavíkur. Hér má sjá Ásdísí Kristjánsdóttur og Hreiðar Karlsson sem var um tíma formaður félagsins.

stofnun meistaraflokks væri stigið lokaskrefið í jöfnun tækifæra milli kvenna og karla við knattspyrnuíðkun á Húsavík og nágrenni. Félagið gaf ekki bara gjafir heldur var félaginu og starfsmönnum færðar fallegar gjafir frá samstarfsfélögum í Þingeyjarsýslum, Samkaupum, Esar og Tákn. Verslunarmannafélagið þakkar gestum og öllum þeim sem færðu félaginu gjafir á 40 ára afmæli félagsins fyrir hlýjar kveðjur.



Verslunarmannafélagið færði meistaraflokki kvenna í knattspyrnu 100.000,- sem Grímur Kárasón veitti móttöku. Grímur þakkaði félaginu fyrir styrkinn sem bann sagði koma að góðum notum fyrir stúlkurnar í meistaraflokki Völsungs.

Fiskvinnslufólk athugið!



Rétt er að vekja athygli á því að um áramótin verða breytingar á kjörum fiskvinnslufólks. Auk kjarasamningsbundinna hækkana verður hluti af kaupauka færður inn í tímakaup starfsmanna. Það gerist með þeim hætti að reiknitolur/bónusgreiðslur lækka um 15% eða að hámarki um 30 krónur pr. klst. eftir að þær hafa tekið almennum hækkunum um áramót. Tryggt skal að enginn starfsmaður í fiskvinnslu taki lægri laun vegna

millifærslu úr hverskonar bónus og álagsgreiðslum í taxtaup, en sem nemur umsamdrí almennri launahækkun sem er 2,5%. Þetta þýðir að sérhæfðir fiskvinnslumenn sem lokið hafa námskeiði radast í launaflokk 7 en voru áður í launaflokk 4. Almennir starfsmenn sem voru áður í launaflokk 2 færast í launaflokk 5. Áriðandi er að fiskvinnslufólk fylgist með sínum kjörum og hafi samband við Skrifstofu stéttarfélaganna ef þörf krefur.

Tölvunámskeið í boði

- gott námskeið fyrir þig -



Stéttarfélagin í Pingeyjarsýslum hafa ákveðið að bjóða félagsmönnum upp á tölvunámskeið fyrir byrjendur. Þátttakendum verður kennt að nota tölvuna, netið og ritvinnsluna. Námskeiðin hefjast í lok janúar og kennt verður síðdegis. Um er að ræða tvö 6 tíma námskeið sem eru ókeypis fyrir félagsmenn. Einnig verður boðið upp á 12 tíma

framhaldsnámskeið í byrjun febrúar og er það námskeið einnig frítt fyrir félagsmenn. Kennari verður Óskar Birgisson. Skráningar á námskeiðin eru á skrifstofu stéttarfélaganna í síma 464-6600 og stendur til 13. janúar. Námskeiðin eru haldin í samstarfi við Fræþing og verkefnið Virkjum alla.

Mývatnssveit
-töfraland jólanna
-töfraland jólanna



Snow Magic
MÝVATN

Jólasveinarnir flakka um Mývatnssveit á aðventunni. Þeir eru í Dimmuborgum alla daga milli kl. 13-15 og um helgar hjá neðangreindum aðilum.

Jarðböðin: Opíð alla daga frá kl. 12-22.

Vogaþjós: Opíð fimmtudaga til sunnudaga frá kl. 14-20. Afurðir úr sveitinni, hveranigbrauð, reyktur silungur, hangikjöt, mosarellaostur o.fl. Íslenskt handverk til sölu. Jólasveinar koma í heimsókn á mjaltaríma um helgar kl. 17:30.

Gamli Bærinn: Opíð alla daga milli kl. 11 og 18. Smákökur, kakó, hangikjöt, laufabrauð, síld og snaf. Þorláksmessuskata. Ljóf og notaleg stund.

Jólaöldið Sel Hótel: Opíð alla daga frá 14 til 18. Kaffitería jólasveinsins opin alla daga frá kl. 8-19, leikhorn fyrir krakkana. Jólasveinar koma í heimsókn alla daga eftir kl. 15.

Verslunin Strax: Opíð alla daga nema sunnudaga. Jólasveinarnir koma í heimsókn fimmtud. 15. des. eftir kl. 15.

Hótel Reykjahlíð: Tilboð á gistingu fyrir alla fjölskylduna.

Dyngjan handverkshús: Opnanartími fimmtud. til sunnud. frá kl. 14-18.

Ath. Hér með fyrirvara um breytingar.

Aðventu í Mývatnssveit - sjá nánar á www.snowmagic.is

Námskeið fyrir trúnaðarmenn og starfsmenn stéttarféлага

Stéttarfélagin halda námskeið sem nefnist Áfallahjálpi og –stjórnun þann 20. janúar. Námskeiðið verður haldið í fundarsal stéttarfélaganna. Námskeiðið felst m.a. í sálrænni hjálpi til þeirra sem verða fyrir áfalli vegna utanaðkomandi áreitis t.d. vegna slyss, sjúkdóms, skilnaðar, atvinnu- og ástvinamissis. Farið verður yfir hvað áfallahjálpi er og hver stuðningur talsmanna getur verið þegar félagsmenn eru í vanda. Leiðbeinandi verður Elín

Jónasardóttir. Námið hefst kl. 09:00 föstudaginn 20. janúar og lýkur kl. 16:00 sama dag. Námskeiðið er trúnaðarmönnum að kostnaðarlausu og ber atvinnurekendum að greiða trúnaðarmönnum laun á meðan á námskeiðinu stendur enda hafi þeir átt að vera í vinnu þennan dag. Skráning á námskeiðið er á Skrifstofu stéttarfélaganna, þar er einnig hægt að fá nánari upplýsingar.

Verkalýðsfélag Þórshafnar styður góð málefni

Sterk stéttarfélög eru mikilvæg í hverju sveitarfélagi enda leggja þau mikið upp úr því að styðja við góð málefni. Sjúkrasjóður Verkalýðsfélags Þórshafnar hefur undanfarið komið að því að styrkja nokkur góð mál í héraðinu. Sem

dæmi má nefna að félagið færði Íþróttamiðstöðinni á staðnum kr. 300.000,- til tækjakaupa, Heilbrigðisstofnun Þingeyinga kr. 20.000,- til kaupa á mjaltavél og Dvalarheimilinu Nausti kr. 350.000,- til kaupa á lyftubaðstól.

Föndrað á Þórshöfn



Verkalýðsfélag Þórshafnar hélt kvöldnámskeið í jólakortagerð um miðjan nóvember. Hrafngerður leið-

beindi átta glaðbeittum konum. Á myndinni má sjá Boggu, Sellu og Sóley í góðu stuði á námskeiðinu.

VH styrkir kaup á flygli í Þorgeirskirkju

Stjórn Verkalýðsfélags Húsavíkur samþykkti á fundi að styrkja kaup á flygli í Þorgeirskirkju um kr. 100.000,-. Áætlaður kostnaður er um 1.5 milljónir. Kirkjan hefur notið mikilla vinsælda sem hljómlistarhús enda hljómburður þar afar góður en gott píanó hefur vantað. Þorgeirskirkja gegnir lykilhlutverki í Þingeyiskjarna sagnagarði. Hún er fyrsta íslenska "vegkirkjan" sem felur í sér að hún er opin gestum og

gangandi yfir sumartímann, þar tekur "staðarhaldari" á móti fólki, fræðir það og leiðbeinir. Bænastund er haldin í lok hvers dags. Þetta fyrirkomulag, sem er samstarfsverkefni Þingeyisks sagnagarðs og Þjóðkirkjunnar, var fyrst reynt síðastliðið sumar og gaf afar góða raun. Það er von Verkalýðsfélags Húsavíkur að fleiri sjái sér fært að leggja söfnun þessari lið með fjárframlagi.

Kaupmannahafnarferð starfsfólks í Hvammi!



Miðvikudaginn 5. október sl. lagði starfsfólk Hvamms, heimilis aldraðra, af stað í námsferð til Kaupmannahafnar. Í hópnum voru 25 manns. Undirbúningur hafði staðið yfir í langan tíma að því er okkur fannst en loksins var komið að þessu. Við fórum með rútu frá Rúnari Óskars til Akureyrar og þaðan með flugi til borgarbleytunnar í suðri. Á Reykjavíkurflugvelli beið okkar rúta sem flutti okkur á hóteli í Keflavík hvar við höfðum ákveðið að gista nóttina fyrir flugið til Köben. Á fimmtudagsmorgni vöknudum við flest eldsnemma en nokkrar konur í hópnum ákváðu að sofa dálítið lengur og misstu því af morgunmatnum að mestu. Í flugstöð Leifs heppna dóluðum við fram að brottför en sumir sofnuðu í fluginu út. Í Kaupmannahöfn var frábært veður og þegar við höfðum innritað okkur á Copenhagen Strand hóteli við Nýhöfnina dreifðum við okkur um alla borg. Um kvöldið fórum út að borða á ítalskan veitingastað í Nýhöfninni en sökkum þreytu voru allir komnir í ró fyrir miðnætti enda langur og strangur dagur framundan. Föstudagurinn rann upp bjartur og fagur, við gerðum morgunmatnum góð skil og gengum síðan sem leið lá til Rosenborg Center hvar við Guðlaugi Arasyni og um kvöldið fórum við í Kristjáníu á yndislegan matsóluðað, Spiseloppen, þaðan sem við fórum út södd og sæl. Sunnudagurinn fór svo í það að koma okkur heim. Það voru því þreyttir en ánægðir ferðalangar sem lögðust til svefnis þetta kvöld. Að lokum langar okkur til þess að koma á framfæri þakklæti til Verkalýðsfélags Húsavíkur sem átti stóran þátt í því að þessi ferð varð að veruleika!

Jólaþakkið frá Hvammslíðinu!!

Dagatal - Minnisbækur

Hægt er að fá minnisbækur og mánaðardagatöl stéttarfélaganna gefins á Skrifstofu stéttarfélaganna fyrir árið 2006.

Starfsmenn stéttarfélaganna á ferðinni

Starfsmenn stéttarfélaganna hafa undanfarið heimsótt vinnustaði á félagssvæðinu og munu halda því áfram eftir áramót. Hér eru nokkrar myndir sem teknar voru við það tækifæri en þær eru af starfsmönnum Skógræktar ríkisins á

Vöglum, leikskólans á Raufarhöfn, leikskólans á Stórutjörnum, mötuneytis Stórutjarnaskóla og síðast en ekki síst af húsverði Stórutjarnaskóla sem er margt til lista lagt eins og sjá má á myndinni. Myndirnar skýra sig sjálfar.



VH – stóreykur styrki til starfsmenntunar - gerir best við sína félagsmenn-



Verkalýðsfélag Húsavíkur hefur ákveðið í samstarfi við Fræðslusjóðinn Landsmennt að stórauka styrki til félagsmanna vegna starfsmenntunar. Þannig eiga starfsmenn rétt á allt að 70.000,- króna styrk vegna almennra námskeiða og 83.000,- króna vegna meiraprófsnámskeiða. Þetta ákvæði gildir árið 2006. Hugsanlega mun þessi upphæð verða hækkuð frekar eftir áramót það ræðst af því hvort Fræðslusjóðurinn Landsmennt sem félagið er aðili að

hækkar sína styrki eftir áramót. Þau mál eru í skoðun hjá sjóðnum. Með þessari ákvörðun Verkalýðsfélags Húsavíkur að hækka styrki til félagsmanna um 100%, en þeir voru áður allt að kr. 35.000,- vegna almennra námskeiða og kr. 42.500 vegna meiraprófsnámskeiða, búa félagsmenn við mestu endurgreiðslur sem þekkjast hjá stéttarfélögum innan Starfsgreinasambands Íslands. Til hamingju félagar!!

Asparfellið tekið í gegn



Fulltrúar stéttarfélaganna á ársfundi Alþýðusambands Íslands notuðu tækifærið eftir fundinn, meðan þeir biðu eftir flugi til Húsavíkur, til að þrifa íbúðina í Asparfelli. Áður höfðu iðnaðarmenn lokið við að gjörbylta íbúðinni. Á myndinni eru Kristbjörg Sigurðar, Kristrún Sigtryggs, Olga Gísla og Jónas Kristjánsson.

Búið er að gera umtalsverðar breytingar á íbúð Verkalýðfélags Húsavíkur í Asparfelli. Búið er að skipta um eldhúsinnréttingu og parket á stofu og eldhúsi. Íbúðin er

öll orðin hin glæsilegasta. Á næstunni verður ráðist í umfangsmiklar breytingar utanhúss. Að þeirri framkvæmd standur húsfélagið í Asparfelli.



Mæður sem eignast hafa börn á síðustu mánuðum á Húsavík koma saman í hverri viku í fundarsal stéttarfélaga og bera saman bækur sínar. Það er því oft liflegt í salnum þegar fjöldi barna og mæðra er saman komin og beimilislegt fyrir starfsmenn stéttarfélaganna að fá svona góða gesti í heimsókn. Að sögn mæðrana er þetta mjög góður félagskapur og skiptast þær á að koma með eitthvað gott með kaffinu.



Það eru öflugir trúnaðarmenn hjá Norðlenska á Húsavík. Hér má sjá tvo berðabreiða menn þá Kjartan Traustason öryggistrúnaðarmann og Guðmund Flosa Arnarson trúnaðarmann.

Verkefnið Virkjum alla styrkir Fræþing



Stéttarfélagin í Þingeyjarsýslum voru fyrst til að prufukeyra nýtt tölvuver sem verkefnið Virkjum alla gaf Fræþingi fyrir skemmstu. Hér eru fulltrúar Fræþings, Sparisjóðs Suðr Þingeyinga, stéttarfélaganna og verkefnisins Virkjum alla þegar gjöfin var afhent í búsnæði stéttarfélaganna á Húsavík.

Verkefnið Virkjum alla – rafrænt samfélag hefur fært Fræðslumiðstöð Þingeyinga að gjöf færanglegt tölvuver sem samanstendur af tíu fartölvum og öllum nauðsynlegum fylgihlutum. Sparisjóður Suðr Þingeyinga veitti styrk til kaupa á flutningskössum undir tölvu-

urnar en heildarkostnaður við tölvuverið og flutningskassana var um ein og hálf milljón króna. Ljóst er að þessi gjöf mun koma til með að hafa verulega jákvæð áhrif á tölvuþekkingu fólks á svæðinu þar sem hægt verður að setja tölvuverið upp nánast hvar sem er.

Stór stund næsta föstudag



Það er óhætt að segja að næsti föstudagur marki ákveðin tímamót því þá útskrifast tíu einstaklingar sem stundað hafa nám síðastliðið ár á vegum Verkalýðsfélags Húsavíkur og samstarfsaðila. Námsleiðin heitir Fiskur og ferðapjónusta. Námið gefur þeim sem útskrifast allt að 24 einingar til stúdentsprófs. Þetta er í fyrsta skiptið sem Verkalýðsfélag Húsavíkur kemur að námskeiði sem veitir þátttakendum

einingar til stúdentsprófs og því er um að ræða stóra stund í sögu félagsins. Útskrifin fer fram í fundarsal félagsins föstudaginn 16. desember. Fræðslumiðstöð Þingeyinga sá um framkvæmd námsleiðarinnar fyrir samstarfsaðilana sem eru auk félagsins, Mímir-símenntun, Fræðslu- sjóðurinn Landsmennt og Starfsgreinasamband Íslands.

Ágúst kveður



Ágúst Óskarsson hefur nú bætt störfum hjá stéttarfélagunum í Þingeyjarsýslum. Hann mun þó verða áfram formaður Verslunarmannafélags Húsavíkur, það er fram að næsta aðalfundi félagsins. Þegar Ágúst kvaddi afbendi hann nýjum starfsmanni stéttarfélaganna Snæbirni Sigurðarsyni lykjavöldin.

Nýtt öflugt fyrirtæki



Fjörðfiskur hefur hafið stafsemi á Húsavík og eru forráðamenn fyrirtækisins bjartsýnir á framtíðina.

Fjörðfiskur ehf. hefur hafið starfsemi á Húsavík. Fyrirtækið var stofnað fyrir tveimur árum af Jóhanni Gunnari Sævarssyni og hefur fram að þessu verið með framleiðsluna í verktöku vítt og breytt um landið. Stærstu undirverktakarnir hafa verið staðsettir á Húsavík þ.e. Vísir hf., Íshaf hf. og Norðlenska. Þegar Fréttabréfið leit við um daginn var allt á fullu og forráðamenn fyrirtækisins bjartsýnir á framtíðina. Fyrirtækið kemur til með að fullvinna sjávarafurðir í neytendapakkingar. Fimm starfsmenn eru við störf og mun þeim fara fjölgandi á komandi mánuðum þegar búið verður að innleiða framleiðsluna og setja upp vélar sem þegar er búið að festa kaup á. Fyrirtækið mun m.a. reykja ýsубita fyrir breskt fyrirtæki. Megin vinna við grunnvinnslu fyrir fyrirtækið verður unnin hjá GPG-

Fiskverkun á Rauðarhöfn. Framkvæmdastjóri fyrirtækisins er Jóhann Gunnar Sævarsson og Jakob S. Bjarnason er fjármálastjóri fyrirtækisins og jafnframt framkvæmdastjóri Búbótar og Íslenskra fjallagrasa frá 1. desember síðastliðnum. Jakob sagði mikla þekkingu vera til staðar á Húsavík varðandi mjólkuriðnað, kjötvinnslu og fiskvinnslu sem nýttist vel í starfsemi fyrirtækisins. Eigendur fyrirtækisins eru Jóhann Gunnar Sævarsson með 16%, Jakob S. Bjarnason með 16%, OJK ehf. heildsala með 16%, Fjárþing ehf. með 19% og GPG-Fiskverkun með 33%. GPG-Fiskverkun kom nýlega að fyrirtækinu með hlutafé og taldi Jakob S. Bjarnason það hafa skipt miklu máli fyrir Fjörðfisk. Verkalýðsfélag Húsavíkur óskar fyrirtækinu velfarnaðar í framtíðinni.

Hverjir fá 26 þúsund króna eingreiðslu?

Samíð hefur verið um að iðn- aðarmenn, verslunar- og skrifstofufólk ásamt starfsmönnum á almenna vinnumarkaðinum fái eigi síðar en 15. desember 2005 sérstaka eingreiðslu kr. 26.000,- sem verið hafa í fullu starfi allt árið í sama fyrirtæki og eru í starfi í síðustu viku nóvember eða fyrstu viku desember. Starfsfólk í hlutastarfi sem uppfyllir sömu skilyrði skal fá greitt hlutfallslega. Fullt ársstarf telst í þessu sambandi 45 unnar vikur, eða meira., fyrir utan orlof. Eingreiðsla þessi verður þó ekki lægri en kr. 4.500,- m.v. fullt starf. Við útreikning eingreiðslunnar skal ekki draga frá starfstíma í barnsburðarleyfi skv. gildandi lögum. Iðnnemar eiga rétt á 16.400,- króna eingreiðslu m.v. fullt starf og miðað við sömu forsendur og hér hafa verið nefndar. Orlof er

innifalið í eingreiðslunni. Rétt er að taka fram að félagsmenn stéttarfélaganna í Þingeyjarsýslum sem starfa hjá ríkinu eiga einnig rétt á þessari greiðslu, það er 26 þúsund króna eingreiðslu. Hins vegar eiga starfsmenn sveitarfélaga ekki rétt á þessari greiðslu. Ástæðan fyrir því er að í samningum Launanefndar sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélagar er ekki ákvæði á þessu ári um að heimilt sé að taka samninginn upp til endurskoðunar. Ákvæðið er hins vegar í samningnum á næsta ári og þá geta stéttarfélagin óskað eftir endurskoðun fari verðbólgan aftur úr böndunum og ef aðrir hópar á vinnumarkaði fá meiri hækkunir en starfsmenn sveitarfélaga. Sú endurskoðun fer fram í nóvember á næsta ári.

Námskeið í vinnurétti



Stéttarfélagin auglýstu fyrir nokkru námskeið í vinnurétti sem miða að því að fræða félagsmenn um þá kjarasamninga sem þeir starfa eftir. Fjöldmargir skráðu sig á námskeiðin og hafa þegar tvö námskeið verið haldin. Fleiri eru fyrirhuguð eftir áramót. Starfsmenn stéttarfélaganna hafa séð um kennslu á námskeiðunum. Hér má

sjá nokkra félagsmenn hlýða á fyrirlestur um kjarasamning Starfsgreinasambands Íslands og Samtaka Atvinnulífsins. Það á ekki að þurfa að minna á mikilvægi þess fyrir fólk á vinnumarkaði að vita um sín helstu réttindi. Markmið stéttarfélaganna með þessum námskeiðum er að uppfæra félagsmenn um þessi mál.

Atvinnulausir eiga rétt á eingreiðslu í desember

Sá sem var á atvinnuleysissskrá á tímabilinu 9.–23. nóvember 2005 og hefur verið á skrá í samtals 45 vikur á árinu 2005 á rétt á eingreiðslu að fjárhæð 26.000 kr. enda hafi umsækjandi átt rétt á hámarksbótum skv. 8. gr. laga um atvinnuleysisstryggingar þann tíma. Biðtími eftir atvinnuleysisbótum skal teljast með við útreikninga skv. 1. mgr.

enda hafi umsækjandi verið á atvinnuleysissskrá þann tíma. Þeir sem hafa verið á hlutfallslegum atvinnuleysisbótum á þeim tíma sem um greinir eiga rétt á hlutfallslegri eingreiðslu skv. 2. gr. í samræmi við það bótahlutfall sem umsækjandi hafði á tímabilinu 9.–23. nóvember 2005.

Frábær ár í séreign



Aldrei neikvæð ársávöxtun

Séreignardeild Lifeyrissjóðs Norðurlands var sett á laggimar í ársbyrjun 1999 og hefur árangur hennar reynst mjög góður. Boðið er upp á tvö söfn, Safn I og Safn II og til loka október 2005 var raunhækkun á Safni I 65,7% og 81,1% á Safni II. Þetta eru hækkunarir sem urðu á söfnunum umfram almennar verðlagshækkunarir á 82 mánuðum. Þetta er athyglisverður árangur, því eins og flestum er kunnugt voru fjármálamarkaðir mjög erfiðir á stórum hluta þessa tímabils. Eignir einstaklinga í þessum tíma hafa hækkað jafnt og þétt milli ára og ársávöxtun hefur aldrei orðið neikvæð á tímabilinu. Mikilvægt er einnig að benda á að kostnaði er stíllt í hóf við rekstur deildarinnar; aðeins 0,5% af inneign er árlega ráðstafað til greiðslu á öllum kostnaði. Mjög litlum fjármunum er varið til auglýsinga. Nánari upplýsingar um ávöxtun og gengi safna er að finna á heimasíðu sjóðsins www.ln.is. Einstaklingum er bent á að spyrja alla vörsluaðila séreignarsparnaðar nákvæmlega um þann kostnað sem þeir eru látnir bera. Einnig er nauðsynlegt að kynna sér vel hvernig staðið er að innheimtu iðgjalda í séreign því mikilvægt er að hún sé í föstum skorðum.

 **LÍFEYRISSJÓÐUR
NORÐURLANDS**
- þar sem framtíðin vex!

Strandgata 3 • 600 Akureyri • Sími 460-4500 • Fax 460-4501
Tölvupóstur: ln@ln.is • Heimasíða: www.ln.is

www.ln.is

Krossgáta

-Góð verðlaun í boði -

Þeir sem skila inn þessari krossgátu til Skrifstofu stéttarfélaganna fyrir 22. desember fara í pott sem dregið verður úr 23. desember. Sá sem verður dreginn fyrstur úr pottinum fær veglega matarkörfu frá Samkaup-Úrval að gjöf og sögu Verkalýðsfélags Húsavíkur. Þeir sem dregnir verða númer tvö og þrjú fá konfekt og óvæntan glaðning að gjöf. Þess vegna er um að gera að vera með og freista þess að fá óvæntan glaðning fyrir jólin. Rétt er að geta þess að þátttakendur geta einnig faxesað krossgátuna til skrifstofunnar á faxnúmerið 464 6601. Hægt verður að nálgast úrlitin á beimasiðu stéttarfélaganna v.h.is þann 23. desember.



		SEIG ESPA	ÞEKING ATHAGLI SÚLA TUSKA	GÖFUGUR	ÞÓFI MEÐTÖLL NETTA SKÖLI	HATTA SPEKI FRÓST- BIT		SJÓVEIMMA HAFSBUÐ HAGDUN
	→							↙
	AFLAGA LEMJA ELDUR	3						
	↓	LAGFARA RÖNA						↓
EFNI- LEG		SJOKK KÖTIN		9		AGÓÐA GAL- GÓPI		
↳			↖	↖	SÚK DULUR OPNA		SEM ← HRAÐAST	
NES FRÖTIN FJÖRI SIGAÐ		HAFLEIKI SEFAR FUGL			5			
			→	→	↖			
MYNT, DÖÐI VESNA			→	→			EINS NABRA	
↳			2	SAM- BAUD GRAB- UGUR	4			GÓMA
XRHUGUR RIKUM	↓	ÞALA ATHUAF LJÓMAR						
↳					↖	KATTA ÓTTA VIÐBÓT		
⚡		ÞRAUTIN SLÖPIST		↖				
⚡	↳ DÖLDU				↖	EINS TAUTA		TALA FISKUM
KLAUFI BADA SPIL	1			→		6		
REIÐ TAPA				→		↖		TÖNN ATHUGA
TIL GAN MÖGL	←		7		SKOR- DÝRUM SÁ 17.			
↳			ATT KEYR TUNNA					8

Opnunartímar

Pingeyingar,

verið velkomnir í
Samkaup-Úrval.
Munið eftir að nýta ykkur
félagsmannaafsláttinn.
Mikið úrval af gjafavöru
fatnaði og að ögleymdum
jólamatnum.

Óvíða meira úrval.

Samkaup **úrval**

Mánudaga - föstudaga
Laugardaga
Sunnudaga

09:00 – 20:00
10:00 – 20:00
12:00 – 19:00

Opnunartímar í desember

Fimmtudagur 22. des	09:00 – 22:00
Föstudagur 23. des	09:00 – 23:00
Aðfangadagur	09:00 – 13:00
Jóladagur	lokað
Annar jóladagur	lokað
Þriðjudagur 27. des	10:00 – 20:00
Miðvikudagur 28. des	lokað v/vörutalningar
Fimmtudagur 29. des	09:00 – 20:00
Föstudagur 30. des	09:00 – 20:00
Gamlársdagur	09:00 – 13:00
Nýársdagur	lokað

**Gefðu
jólagjöf
sem
VEX**



Framtíðarreikningur fyrir hrausta krakka

Framtíðarreikningur er verðmæt gjöf sem vex með barninu. Hann er bundinn þar til
barnið verður átján ára og hefur þá margfaldað verðmæti sitt.

- Bestu veðir sparreiknings bankans
- Verðtryggtar reikningar
- Bandinn þar til barnið verður 18 ára
- Aðveldi og þægilegt að spara reglulega

Flottur Latabærjarbolur í jólapakka fylgir Framtíðarreikningi*



Þú færð Framtíðarreikning í næsta
útibúi Íslandsbanka.

*3.000 kr. lígmisvaxþað.